

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Mývatnssveit 23. október 2017

Efni: Athugasemd frá stjórn Fjöreggs vegna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Svartárvirkjunar.

Fjöregg er félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit. Í lögum félagsins stendur að markmið þess sé að vernda náttúru og umhverfi Mývatnssveitar með sjálfbærri umgengni sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja.

Fyrirhuguð Svartárvirkjun er óneitanlega fyrir utan starfssvæði félagsins en vegna þeirra áhrifa sem hún getur haft á lífríki Mývatns og Laxár verði hún að veruleika gerir stjórn félagsins athugasemdir varðandi virkjunina. Helstu athugasemdir stjórnarinnar beinast að búsvæði húsandarinnar á fyrirhuguðu virkjanasvæði. Húsöndin er ábyrgðarfugl Íslands í Evrópu. Stofninn okkar er án eða með mjög lítil samskipti við húsendur í Norður-Ameríku. Húsöndin er staðfugl sem þrífst á opnum lindarkerfum á veturna. Meirihluti stofnsins hefst við á Mývatni og Laxá á veturna. Nú gerist það að bæði Mývatn og Laxá bregðast sem fæðuuppspretta fyrir húsendur á veturna og þá eru önnur opin lindarkerfi á Íslandi forsenda þess að stofninn lifi af veturna. Þar á meðal er Svartá. Mikilvægt er að skoða vandlega hvort forsvaranlegt er að skerða þessi neyðarbúsvæði húsandarinnar.

Stjórn Fjöreggs telur að þau gögn sem liggja til grundvallar frummatsskýrslunni varðandi mikilvægi Svartár sem búsvæði fyrir húsöndina séu langt því frá að vera fullnægjandi. Þessi fullyrðing á einnig við um mikilvægi svæðisins fyrir straumendur.

Lindarkerfi á borð við Mývatn, Laxá, Svartá og Sogið eru ekki svo algeng á Íslandi en hversu algeng eru þess háttar lindarkerfi á heimsvísu? Einu sinni þótti ekki mikið mál að nýta gervigíga í vegagerð en þá var fágæti þeirra ekki þekkt.

Það kemur æ betur í ljós með tímanum að mikil verðmæti felast í verndun. Gjaldeyrstekjur þjóðarinnar eru að stórum hluta vegna ferðamanna sem heimsækja Ísland. Flestir koma hingað vegna náttúrunnar. Svæði í nágrenni Svartárvirkjunar og virkjanasvæðið sjálft er gulls ígildi að mati stjórnar Fjöreggs og það myndi rýra gilda svæðisins ef virkjunaráform ná fram að ganga. Suðuráin, Svartáin, Aldey, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafossar sem og svæðið upp með Skjálfandafljóti væri að okkar mati eðlilegur hluti af Vatnajökulsþjóðgarði eða miðhálandisþjóðgarði.

Virðingarfyllst,

Bergþóra Kristjánsdóttir varaformaður Fjöreggs

F.h. Stjórar Fjöreggs